



# 5. bekkur

2021-2022

Handbók



Flataskóli

# Efnisyfirlit

Kennarar árgangsins .....	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa .....	3
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	3
Samskipti kennara við foreldra.....	3
Lýsing á starfinu í árganginum.....	4
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar .....	4
Kennslustundir og námsgreinar .....	4
Helstu viðfangsefni nemenda.....	4
Stundaskrá.....	4
Heimanám .....	4
Náms og skemmtiferðir.....	4
Vinabekkir.....	4
Skólasókn og viðbrögð.....	5
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	5
Námsáætlun skólaársins 2021-2022 .....	6
Hæfnimiðað nám.....	6
Námsmat .....	6
Skipulag kennslunnar .....	6
Námsáætlun skólaársins.....	7

## Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir	Umsjónarkennari
Elín Ása Þorsteinsdóttir	Umsjónarkennari
Hanna Lóa Friðjónsdóttir	Umsjónarkennari
Anna María Daníelsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Heiðveig Hanna Friðriksdóttir	Náttúrufræðismiðja
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmennt
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	Textíl
Rut Blurton	Smíði
Jóhanna G. Ólafsson	Heimilisfræði
Hildur Jakobína Tryggvadóttir	Sviðslist
Hannes Ingi Geirsson	Íþróttir / sund
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttir / sund
Atli Jóhannesson	Íþróttir / sund
Oddný Jóna Þorsteinsdóttir	Sérkennari
Petra Björg Kjartansdóttir	Þroskajálfi

## Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

### ***Námsmenningin sem við ætlum að skapa***

Við gerum væntingar til allra nemenda í 5. bekk og viljum að nemendur leggi sig fram á sínum forsendum. Eflum nemendur til að læra af mistökum sínum til að ná árangri með vaxandi hugafari. Við viljum byggja á jákvæðum samskiptum og að allir hafi jöfn tækifæri til náms.

### ***Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu***

Við viljum að nemendur eflist, auki við sig þekkingu og færni með því að leggja sig ávallt fram og geri sitt besta. Með því að leggja sig fram með fjölbreyttum leiðum er hægt að bæta árangur sinn og um leið auka ánægju og vellíðan í námi og leik.

### ***Samskipti kennara við foreldra***

Vikulegir póstar til foreldra þar sem fram koma gagnlegar upplýsingar um nám barnanna. Ýmsar óskir kennara um þátttöku foreldra í námi barna sinna ásamt gagnlegum upplýsingum um skólastarfið. Foreldrar geta ávallt sent tölvupóst á kennara árgangsins og leitað til teymisins ef þarf.

## Lýsing á starfinu í árganginum

### ***Fjöldi nemenda og hópaskiptingar***

Í árganginum eru 68 nemendur. Við stefnum á að skipta nemendum í námshópum 2 - 4 sinnum yfir skólaárið eins og frá fyrra skólaári. Nemendum er einnig skipt í hópa í smiðju auk í hringekjum. Við vinnum þvert á námshópinn enda er hópurinn okkar einn hópur.

### ***Kennslustundir og námsgreinar***

#### **Helstu viðfangsefni nemenda**

Við stefnum á að vera með tvo stofufundi á viku, þar verður tekið á ýmsum málum nemenda s.s. líðan, samskipti og fleira.

Þemaverkefni skólaársins, eru m.a. Ísland hér búum við, landnámið, bókmenntir og enska.

#### ***Stundaskrá***

Nemendur fá stundaskrá í byrjun skólaársins, skóladagurinn hefst kl. 8:30 og lýkur kl. 14:10. Allir hópar eru í sundi á fimmtudögum.

#### ***Heimanám***

Heimanámið í 5. bekk er lestur, nemendur fá kvittanahefti í byrjun skólaársins og ætlumst við til þess að nemendur og forráðamenn skrái samviskusamlega inn í heftið í vetur. Mikilvægt er að nemendur lesi 15 – 20 mínútur á dag fyrir foreldra.

Einnig þarf að skrá í litlu stílabókina 5 – 7 setningar / orð úr því sem lesið er og foreldrar fari yfir og nemandinn leiðréttir.

#### ***Náms og skemmtiferðir***

Fyrirhugað er að fara meðal annars Hellisgerði, Hraunið, vetrarferð, Þjóðminjasafnið, Hönnunarsafnið.

#### ***Vinabekkir***

Við stefnum á að hitta vinabekki a.m.k. tvisvar sinnum yfir skólaárið auk þess verður samvera með þeim í Guðmundarlundi þegar haustferðin verður, henni var frestað vegna covid 19. Hittast, spila, leika og eiga góða og notalega stund saman.

## Skólasókn og viðbrögð

**Ófullnægjandi Skólasókn**

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtíma veikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaforðun nemenda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
<b>2-7 fjarvistir</b> Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	<b>10 dagar eða fleiri</b> Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
<b>8-14 fjarvistir</b> Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólastjórnanda ef ástæða þykir til.	<b>15 dagar eða fleiri</b> Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
<b>15-20 fjarvistir</b> Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	<b>20 dagar eða fleiri</b> Skólastjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendaverndarráði.
<b>21 eða fleiri fjarvistir</b> Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	<b>Engin breyting til batnaðar á skólasókn</b> Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferliu. Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.

### Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Upplýsingar um skráningu í hádegismat](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#) (Parna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda).

## Námsáætlun skólaársins 2021-2022

### **Hæfnimiðað nám**

Í hæfnimiðuðu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfniviðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmiði í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

### **Námsmat**

Haustið 2021 verður öll birting og utanumhald námsmats færð inn í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Kennarar búa til "námslotur" í Mentor sem ná yfir 6 - 10 vikna tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu. Sjá nánar í námsmatskafla starfsáætlunar.

### **Skipulag kennslunnar**

Umsjónarkennarar sjá um kennslu í blönduðum hópum. Í þemaverkefnum er unnið í hópum þvert á árganginn. Verkefni eru Ísland hér búum við, Landnámið, bókmenntir og enska. Smiðjur eru: heimilisfræði, textílmennt, myndmennt, smíði, sviðslist og náttúrfræði.

## Námsáætlun skólaársins 2021-2022

### Stærðfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.</p> <p>Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.</p> <p>Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.</p> <p>Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli tákn máls og daglegs máls.</p> <p>Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.</p> <p>Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.</p>	<p>Víxlregla</p> <p>Tengiregla</p> <p>Dreifiregla</p> <p>Miðlun upplýsinga úr gögnum</p> <p>Tölfræðirannsóknir</p> <p>Lestur fræðilegs texta</p> <p>Lestur úr upplýsingum með stærðfræðihugtökum.</p> <p>Rannsóknir og teikningar á tvívíðum og þrívíðum.</p> <p>Rannsaka mynstur, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum.</p>	<p>Umræður og innlögn um viðfangsefni.</p> <p>Töflukennsla með sýnidæmum.</p> <p>Unnar valdar blaðsíður í námsbók.</p> <p>Paravinna – tveir og tveir nemendur vinna saman að ákveðnum viðfangsefni t.d. í tölfræðiverkefni.</p> <p>Samvinna – í ýmsum verkefnum 3 - 4 í hóp t.d. í tölfræði, safna upplýsingum bæði inni og úti. Setja upp í töflu.</p> <p>Hringekja – unnið með fjölbreytt verkefni hverju sinni.</p> <p>Stærðfræðileikir – unnið með teningum, spilum, cromebook tölvum.</p> <p>Stærðfræðispil</p> <p>Gagnvirk verkefni af vef</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Cromebook</li> <li>- Ipad</li> </ul>

## Íslenska

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</p> <p>Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.</p> <p>Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</p> <p>Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</p> <p>Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</p>	<p>Nýtt sér mismunandi aðferðir í lestri og skilningi. Greint aðalatriði.</p> <p>Finna trúverðugleika í texta.</p> <p>Finna lesefni eftir getu og áhuga.</p> <p>Hafa læsilega rithönd og nýtt sér gögn til stuðnings.</p> <p>Setningar</p> <p>Málfræði</p> <p>Málsgreinar</p> <p>Efnisgreinar</p>	<p>Umræður og innlögn um viðfangsefni.</p> <p>Töflukennsla með sýnidæmum.</p> <p>Unnar valdar blaðsíður í námsbók.</p> <p>Paravinna – tveir og tveir vinna saman að lausn verkefna t.d. lesskilningur.</p> <p>Samvinna – námsfélagar vinna saman að lausn verkefna.</p> <p>Hringekja – unnið með fjölbreytt verkefni hverju sinni.</p> <p>Íslenskuleikir – minni, vísbending, og orðaleikir</p> <p>Íslenskuspil – Orð af orði, stafasúpa.</p> <p>Gagnvirk verkefni af vef</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Cromebook</li> <li>- Ipad</li> </ul>



## Enska

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.</p> <p>Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</p> <p>Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</p> <p>Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</p>	<p>Samtöl</p> <p>Viðtöl</p> <p>Draga aðalatriði úr texta og unnið með þau.</p> <p>Átt samtöl um áhugamál og daglegt líf.</p> <p>Kynnt á ensku einföld verkefni, einstaklings eða í hóp.</p>	<p>Umræður og innlögn um viðfangsefni.</p> <p>Þemavinna – Halloween, Christmas and Pirates.</p> <p>Unnið í þemahefti að fjölbreyttum verkefnum.</p> <p>Paravinna – tveir og tveir vinna saman að lausn verkefna t.d. lesskilningur.</p> <p>Samvinna – námsfélagar vinna saman að lausn verkefna.</p> <p>Hringekja – unnið með fjölbreytt verkefni hverju sinni.</p> <p>enskuleikir</p> <p>Gagnvirk verkefni af vef</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Cromebook</li> <li>- Ipad</li> </ul>

## Samfélagsfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.</p> <p>Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.</p> <p>Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.</p> <p>Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.</p> <p>Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.</p> <p>Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</p>	<p>Átta sig á legu, menningu og sögu landsins.</p> <p>Afla sér upplýsingar og nýta sér þær til gagns.</p> <p>Loftslag, gróðurfar og búseta.</p> <p>Setja sig í spor annarra á mismunandi tímabilum.</p> <p>Virkur samfélagsþegn í lýðræðislegu þjóðfélagi með tilliti til Barnasáttmála.</p> <p>Sanngirni</p> <p>Sjálfstraust</p> <p>Samskipti</p> <p>Samvinna</p>	<p>Umræður og innlög um viðfangsefni.</p> <p>Unnar valdar blaðsíður í námsbók.</p> <p>Einstaklingsvinna – hver og einn vinnur að sinni skjaldabók auk fjölbreyttra verkefna.</p> <p>Paravinna – tveir og tveir vinna saman að lausn verkefna t.d. lesskilningur.</p> <p>Samvinna – námsfélagar vinna saman að lausn verkefna.</p> <p>Efni af vef</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Cromebook</li> <li>- Ipad</li> </ul>

## Náttúrufræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku.	Öflun upplýsinga	Horft á kennslu myndbönd bæði á íslensku og ensku.  Lestur texta.
Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir.	Tilraunir	Framkvæma tilraunir og útskýra niðurstöður.
Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.	Vísindaleg vinnubrögð	Nemendur framkvæma vísindatilraunir og fylgja ferli vísinda.
Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.	Umræða um niðurstöður	Nemendur vinna verkefni bæði einstaklingslega og í hóp. Kynna niðurstöður sínar í hópnum og taka þátt í umræðum um verkefni sín og annarra.
Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.	Textaútskýring og fara eftir fyrirmælum	Nemendur lesa texta og greina frá viðfangsefninu. Framkvæma athuganir með því að fara eftir skriflegum og munnlegum leiðbeiningum.
Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.	Framsetning athugana samkvæmt ferli vísinda	Nemendur gera skrifleg skýrslu eða myndbandsskýrslu um tilraunir og kynna niðurstöður sínar.

## Heimilisfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><b>Nemandi getur:</b></p> <p>-unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.</p> <p>-tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.</p> <p>-nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.</p>	<p>-vinnur eftir einfaldri uppskrift.</p> <p>-notar mæliskeiðar og dl mál</p> <p>-notar rafmagnsþeytara</p> <p>-tengsl mataraæðis og hreyfingar við heilsufar</p> <p>-nýta netmiðla.</p>	<p>-Nemandi bakar köku þar sem hann vinnur eftir einfaldri uppskrift, notar mæliskeiðar, dl mál og rafmagnsþeytara.</p> <p>-Nemandi lærir tengsl mataraæðis og hreyfingar við heilsufar með því að vinna verkefni í vinnubók.</p> <p>Nemandi lærir að nýta sér miðla til að vinna eftir með því að leita sér að uppskriftum og vinna eftir þeim.</p>

## Myndmennt

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.</p> <p>Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.</p> <p>Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</p>	<p>Hugmyndavinna</p> <p>Hugtök</p> <p>Efni og verkfæri</p>	<p>Nemendur þjálf sig í hugmyndavinnu með skissugerð á pappír en einnig að skissa í efni og læra að gera vinnuteikningu úr því. Læra að vinna eftir teikningunni og gera þrívíðan hlut. Þeir nota mismunandi efni og verkfæri til þess e.o tré, víra, álpappír, gifs, textílefnir og akrýlmálningu. Meðfram verkefninu nefnum við hugtökin sem fylgja verkefninu og notum þau á viðeigandi hátt.</p>

## Textílmennt

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.</p> <p>Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum.</p> <p>Unnið með einföld snið og uppskriftir.</p> <p>Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.</p> <p>Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.</p>	<p>Notkun á viðeigandi áhöldum og efnum.</p> <p>Unnið út frá leiðbeiningum</p> <p>Þekking á mismunandi textílefnum.</p> <p>Læra um textílverk, fagurfræði og gildi handverks</p>	<p>Nemendur gera krosssaumspúða og fá kynningu á mismunandi vefjarefnum.</p> <p>Þeir þjálfast í að sauma krosssaum í jafa eftir sýnikennslu og skriflegum leiðbeiningum.</p> <p>Nemendur sauma krosssauminn við annað efni og þjálfast í saumvélinni við að sauma púðann.</p> <p>Nemendur tjá sig um um handverkið sitt og fagurfræði í tengslum við það.</p>

## Smíði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.</p> <p>Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.</p> <p>Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.</p> <p>Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.</p> <p>Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</p>	<p>Val og notkun verkfæra</p> <p>Skissa og vinnuteikning</p> <p>Hönnunarferli</p> <p>Endurnýting</p> <p>Vönduð vinnubrögð</p>	<p>Nemendur læra að gera skissur og vinnuteikningu þegar þeir hanna <b>persónu úr tré</b>. Nemendur þurfa að gera skissu að persónunni og hugmyndavinnu áður en þeir skila vinnuteikningu sem inniheldur mælingar og mál til kennara.</p> <p>Nemendur þjálfast í notkun og vali verkfæraf með því að þurfa að velja réttan bor fyrir <b>trépersónuna</b> sína, nota sandpappír til að gera hana áferðarfallega og tifsagir til að skera út aukahluti fyrir hana.</p> <p>Nemendur læra um hönnunarferlið þegar þeir þurfa að fylgja einfaldasta formi hönnunarferlis á trépersónunni sinni: hugmyndavinna – skissa – vinnuteikning – framkvæmd – lokaafurð.</p> <p>Nemendur munu læra endurnýtingu þegar þeir þurfa að velja sér parta í persónuna sína, sem er afgangur úr öðrum verkefnum frá 2. og 3. bekk.</p> <p>Nemandi lærir að meta góð vinnubrögð með því að meta eigið verk í samræmi við eigin getu og að skila ekki verkefni eingöngu til að klára. Betra er óklárað vandað verkefni en klárað flýtiverkefni</p> <p style="text-align: center;"><b>Kallinn minn</b></p> <p><b>Kúluspil eða annað spil (aukaverkefni)</b></p>

## Í Skólaíþróttir og sund

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Gert æfingar sem reyna á loftháðþol.</p> <p>Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlima og bols.</p> <p>Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.</p>	<p>Þolæfingar</p> <p>Líkamsstyrkur</p> <p>Leikni og færni</p>	<p>Þjálfá upp þol með hlaupæfingum, hlaupaleikjum og þolsundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig.</p> <p>Kennsla í stöðvaþjálfun og þrautabrautum. Sýnikennsla hjá kennara. Ýmsar styrktaræfingar, nemendur spreypa sig í armbeygjum, hnébeygjum, kviðæfingum og</p>

<p>Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.</p> <p>Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.</p> <p>Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.</p>	<p>Baksund, skriðsund, kafsund, stunga</p> <p>Hreinlæti</p> <p>Íþróttamannsleg framkoma</p>	<p>bakæfingar.</p> <p>Kennsla og hæfni í hinum ýmsu íþróttum. Boltaæfingar við hæfi, kasta, grípa og knattrak. Badminton og blak.</p> <p>Kennsla í sundi, fótatakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotar upp og einnig æft í heild sinni.</p> <p>Rætt við nemendur ítrekað um mikilvægi almenns hreinlætis. Nemendur eiga að mæta með íþrótt og sundfatnað í kennslustundir. Fyrir og eftir sundkennslu eiga nemendur að fara í sturtu.</p> <p>Umræða fyrir og eftir leik. Inngrip í miðjum leik ef þörf þykir. Tekin sýnidæmi um rétt og röng viðbrögð. Rætt um hvað einkennir íþróttamannslega hegðun.</p>
---	---	--

## Sviðslist

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><b>Dans.</b></p> <p>*Beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju.</p> <p>* Geti sett saman einfalt dansverk, sýnt það og valið undir leiðsögn kennara umgerð (t.d. tónlist og rými) við hæfi.</p> <p>* Tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisvenjum í dansi.</p> <p>* Unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, bæði veitt og tekið á mótí uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Skapandi dans.</li> <li>➤ Hlustun</li> <li>➤ Tjáningardans.</li> <li>➤ Traust.</li> </ul>	<p>Nemendur hita upp með markvissum jóga og dans hreyfingum eftir leiðsögn kennara.</p> <p>Nemendur kynnast grunnhugtökum í dansi.</p> <p>Skoðað ýmsar danstegundir. Tónlist notað í grunni og nemendur skoða hvaða danstegundir þeim finnst áhugaverðast.</p> <p>Nemendur búa til dans með ákveðið þema í huga, eins og dansstílar eða tilfinning.</p> <p><i>-Röddin.</i></p> <p>Kennari leiðir nemendur í gegnum raddupphitun með tungubrjótum og andlitsæfingum.</p> <p><i>-Ísbrjótar</i></p> <p>Ýmsar hópeflisæfingar sem kallar á samvinnu, samtal og leysa þarf ýmis mál á skapandi hátt. (Hvaða dýr viltu vera, eyjan, húlla, zip zap boing)</p> <p><i>-Rýmisgreind.</i></p> <p>Unnið með hreyfiflæði um stofuna. Nemandi æfir meðal annars að taka tillit til jafningja og vera meðvitaður um rýmið í kringum sig með ýmsum æfingum undir leiðsögn kennara.</p> <p><i>-Framkoma.</i></p> <p>Nemandinn fær verkfæri til að undirbúa sig fyrir kynningar eða þegar upp á svið er farið. Kennari fer í gegnum líkamsstöður á sviði, raddbeytingu og öndunaræfingar.</p> <p><i>-Látbragðsæfingar.</i></p> <p>Nemendur herma eftir ýmsum starfsheitum og setja sig í stöðu fólks í samfélaginu með látbragðsleik.</p>
<p><b>Leiklist.</b></p> <p>* Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþátta.</p> <p>*Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.</p> <p>* Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.</p> <p>* Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu.</p> <p>*Beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum).</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Hugmyndavinna.</li> <li>➤ Hópefli.</li> <li>➤ Búninganotkun.</li> <li>➤ Tjáning.</li> <li>➤ Leikstíll</li> </ul>	



		<p><u>Aðalverkefni.</u></p> <p>Skuggaleikhús .Nemendur búa til sögu saman í skapandi flæði. Klippa út pappír og skapa persónur. Hanna leikhús með ljósum og skuggum. Leikritið er svo tekið upp og hópurinn skoðar verkið sitt.</p>
--	--	---